

364. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 25. febrúar 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 13:00.

Mættir:


Júniana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 13. febrúar 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Arctic Canvas sf um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Nesi í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Arctic Canvas sf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Nesi í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 2) **Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 11. febrúar 2026, varðandi úrbætur í aðgengismálum.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá forstöðumanni Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars, dags. 6. febrúar 2026, varðandi ósk um aukið stöðugildi við heimilið.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fá forstöðumann Jaðars inn á næsta fund bæjarráðs þann 18. mars til að ræða þetta nánar.
- 4) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri sagði frá því að í gær var opnað útboð hjá Vegagerðinni vegna grjótvana undir Enni.
 - b) Bæjarstjóri sagði frá því að staðgreiðsla ársins 2025 stóðst áætlanir.
 - c) Bæjarstjóri sagði frá því að undirbúningur við ársreikning 2025 er hafinn.
 - d) Kjördæmavika Alþingis stendur yfir þessa dagana. Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið í heimsókn, Samfylkingin kemur í dag og Miðflokkurinn kemur í næstu viku. Ekkert hefur heyrst í öðrum flokkum.
 - e) Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að úthluta annarri 60+ íbúðinni á Hellissandi, en margir eru áhugasamir um hina. Það er hins vegar ekki búið að úthluta henni enn.
 - f) Varmadælan í Ráðhúsinu hrundi í lok síðustu viku. Búið er að panta nýja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00


Júniana Björg Óttarsdóttir

FS.



Björn H. Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bærarritari

